



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. mars 2022

2203015SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks, 415. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 10. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks, 415. mál.

Eins og fram kemur í skýringum með þingsályktuninni þá er framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks ætlað að skilgreina stefnu stjórnvalda á hverjum tíma og lýsa tilteknum verkefnum sem ýmist er ætlað að varpa ljósi á stöðu hinsegin fólks í samfélaginu eða fela í sér beinar aðgerðir. Settar eru fram 19 aðgerðir en gert er ráð fyrir að áætlunin taki til ára 2022-2025.

Afstaða sambandsins

Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2018-2022 er lögð áhersla á að sveitarfélög verði samfélög án aðgreiningar og að jafnréttis- og mannréttindasjónamið verði fléttuð inn í alla stefnumótun og lagasetningu sem snýr að sveitarfélögum. Sambandið er því mjög fylgjandi því að sett sé sérstök framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks og styður við allar aðgerðir, bæði af hálfu ríkis og sveitarfélaga, sem fela í sér að mismunun sé eytt og að jafnræðis sé gætt.

Þær aðgerðir sem tiltekna eru í framkvæmdaáætluninni hafa margar beina þýðingu fyrir sveitarfélögin. Samband íslenskra sveitarfélaga leggur því mikla áherslu á að sambandið hafi, fyrir hönd sveitarfélaga, beina aðkomu að útfærslu aðgerðanna og þeim vinnuhópum sem fyrirhugað er að setja á fót til að ná settum markmiðum. Á það sérstaklega við um eftirfarandi aðgerðir:


- Aðgerð 6 - Hinsegin börn og ungmenni í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi.
- Aðgerð 7 - Líðan hinsegin barna og ungmenna í skólum.
- Aðgerð 10 - Breytingar á reglugerðum um hollustuhætti.
- Aðgerð 11 - Aðgengi trans fólks; Vinnustaðir, sundstaðir, íþróttamannvirki.
- Aðgerð 12 - Útfærsla söfnunar og skráningar kyngreindrar tölfræði hjá sveitarfélögunum.
- Aðgerð 13 – Fræðsla um hinsegin málefni til kjörinna fulltrúa og starfsfólks sveitarfélaga.

Þá vekur sambandið athygli á því að allar þær aðgerðir sem nefndar hafa verið hér að framan og hafa mikla þýðingu fyrir sveitarfélögin eru sagðar „rúmast innan fjárheimilda“. Vel má vera að það rúmist innan fjárheimilda að gera greiningar á stöðunni og setja samræmdar reglur en þegar kemur að því að fara í aðgerðir t.d. að vinna fræðsluefni, gera breytingar á húsnæði t.d. sundstaða og íþróttamannvirkja eða uppfæra eyðublöð og tölvukerfi þá fylgir því óhjákvæmilega kostnaður. Sambandið minnir því á 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 þar sem segir að ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi, tillaga að stjórnvaldsfyrirmælum eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu stjórnvalda ríkisins muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skuli fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga og að viðkomandi ráðherra beri ábyrgð á því að slíkt mat fari fram. Þegar slíkt mat liggur fyrir skal það borið undir Samband Íslenskra sveitarfélaga til umsagnar.

Með vísan til framangreinds er mikilvægt að sambandið fyrir hönd sveitarfélaganna fái strax á mótunarstigi aðkomu að útfærslu aðgerða er snerta sveitarfélögin með beinum hætti og að þær aðgerðir sem ákveðið verður að ráðast í og snúa að sveitarfélögum verði kostnaðarmetnar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri